

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri

Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Sími 460-8900 Fax 460-8919

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.rha.is>



Viðhorf til alþjóðasamskipta

***Viðhorfskönnun meðal kennara
Háskólans á Akureyri***

Nóvember 2005

Unnið fyrir:
Háskólann á Akureyri

HJÖRDÍS SIGURSTEINSDÓTTIR

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Framkvæmd og heimtur	4
3. Niðurstöður	7
3.1 Mat á alþjóðasamskiptum	7
3.2 Ákjósanlegur kostur til samstarfs	9
3.3 Tími í alþjóðleg samskipti	12
3.4 Vilji til að auka erlend samskipti	13
3.5 Þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum	15
3.6 Tengsl við erlenda aðila	17
3.7 Áhugi á að nýta rannsóknahlutann í erlend verkefni	18
3.8 Stefnumótun í alþjóðasamskiptum	20
3.9 Nemenda- og kennaraskipti	23
3.10 Athugasemdir	31
4. Lokaorð	32
5. Viðauki	33

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var í októbermánuði 2005 meðal fastráðinna kennara við Háskólann á Akureyri. Rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á viðhorf kennara HA til alþjóðasamskipta, alþjóðleg tengsl þeirra og viðhorf kennara til nemenda- og kennaraskipta.


Rannsóknin var gerð að tilhlutan forstöðumanns alþjóðasviðs, Þorleifs Stefáns Björnssonar og er hún liður í stefnumótunarvinnu alþjóðasviðs. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri annaðist framkvæmd könnunarinnar og af hálfu hennar bar Hjördís Sigursteinsdóttir, rekstrar- og stjórnfræðingur, ábyrgð á henni og er hún jafnframt höfundur skýrslunnar.

2. Framkvæmd og heimtur

Markmiðið með þessari rannsókn var að afla upplýsinga varðandi viðhorf kennara HA til alþjóðasamskipta, alþjóðleg tengsl þeirra og viðhorf kennara til nemenda- og kennaraskipta. Spurningalistinn var fenginn hjá forstöðumanni Alþjóðasviðs HA en meginuppistaða hans var fengin hjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.

Könnunin náði til allra fastráðinna starfsmanna við Háskólann á Akureyri sem ráðnir eru til kennslu. Um var að ræða opna vefkönnun þar sem beiðni um þátttöku í könnuninni barst í tölvupósti. Netfangalistinn var fenginn hjá Stefáni Jóhannssyni, sérfræðingi í upplýsingatækni.

Þann tólfta október var könnunin gerð virk og send á 99 netföng og ítrekun send á þá sem ekki höfðu svarað þann nítjanda sama mánaðar. Könnunin var gerð óvirk í lok dags þess tuttugasta og fyrsta en þá höfðu 52 einstaklingar svarað könnuninni. Þetta þýðir 53,1% svarhlutfall sem verður að teljast viðunandi.



Mynd 1. Svarhlutfall í könnuninni.

Nokkuð fleiri karlar en konur eru starfandi sem fastráðnir kennarar við HA eða 57 karlar á móti 42 konum (57,6% karlar á móti 42,4% konur). Kynjahlutfall þeirra sem svara könnuninni er mjög svipað og í þýðinu því 58,8% þeirra sem svara könnuninni eru karlar og 41,2% konur.


Tafla 1 sýnir samanburð á þýði og svarhlutfalli eftir háskóladeildum. Sjá má að hlutföll svara frá kennurum úr auðlindadeild og kennaradeild er mun hærra en hlutföll þeirra er í þýðinu. Einnig má sjá að mjög fá svör hafa borist frá Upplýsingatæknideild því hlutfall þeirra er aðeins 3,9% af innsendum svörum en hlutfall þeirra er 9,1% af þýðinu.

Segja má að könnunin endurspeglir skiptingu þýðisins vel m.t.t. kynferðis en ekki nógu vel varðandi háskóladeildir.

Tafla 1. Samanburður á þýði og svarhlutfalli eftir háskóladeildum.


Deildir:	Allir	
	% Heild	% Svör
Auðlindadeild	14,1%	19,6%
Félagsvísinda- og lagadeild	16,2%	13,7%
Heilbrigðisdeild	19,2%	17,7%
Kennaradeild	27,3%	33,3%
Viðskiptadeild	14,1%	11,8%
Upplýsingatæknideild	9,1%	3,9%
Samtals	100%	100%

Algengast er að kennarar sem tóku þátt í könnuninni séu á aldrinum 36-45 ára eða tæp 40% svarenda og rúm 31% eru á aldrinum 46-55 ára.



Mynd 2. Aldur svarenda í könnuninni.

Algengasti starfsaldur svarenda í könnuninni er 6-10 ár en rúm 35% svarenda hafa starfað þann tíma og tæp 61% í sex ár eða fleiri. Rúmlega fjórðungur svarenda hafa starfað innan við 3 ár hjá HA og annar fjórðungur í 11 ár eða fleiri.



Mynd 3. Starfsaldur svarenda í könnuninni.


Í kaflanum hér fyrir aftan gefur að líta niðurstöður könnunarinnar. Við úrvinnslu gagna var tryggt að öll svör væru órekjanleg og að í öllu væri farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga. Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum og töflum sem sýna hlutfall og fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt ásamt reiknuðu meðaltali þar sem það á við. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og var tekið mið af slíkri greiningu í umræðunni um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar voru. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS en myndir og töflur í Excel.

3. Niðurstöður

Í skýrslunni eru athuguð svör fólks við nokkrum spurningum sem ætlað er að meta ýmsa þætti er lúta að alþjóðasamskiptum, tengsl þeirra og áhuga, bæði hvað varðar rannsóknir og nemendaskipti. Þessar spurningar eru greindar eftir nokkrum bakgrunnspáttum, þó aðallega eftir kynferði, háskóladeild og starfsaldri. Hafa ber þó í huga að um fá svör er að ræða og því er vægi hvers einstaklings mismikið eftir bakgrunnspáttum og oft á tíðum nokkuð hátt.

3.1 Mat á alþjóðasamskiptum


Spurt var hvort viðkomandi teldi að alþjóðleg samskipti HA væru of mikil, hæfileg eða of lítil. Flestir svara því til að þau séu of lítil eða 42% og 28% finnst þau vera hæfileg. Fimmtungur svarenda tekur þó ekki afstöðu til þessarar spurningar og svara því til að þeir viti það ekki eða hafi ekki skoðun á því.



Mynd 4. Telur þú að alþjóðasamskipti séu of mikil, hæfileg eða of lítil?


Engin tengsl er að finna milli þessarar spurningar og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru.

Þó má sjá að karlar telja í meira mæli en konur að alþjóðasamskipti séu ekki nógu mikil því tæplega 57% karla svara því til að þau séu of eða allt of lítil en um 40% kvenna.




Mynd 5. Telur þú að alþjóðasamskipti séu of mikil, hæfileg eða of lítil, greint eftir kyni.

Jafnframt má greina nokkurn mun á svörum milli háskóladeilda en eins og sést á myndinni hér fyrir neðan dreifast svör nokkuð mikið og fá svör eru á bak við suma svarmöguleikana.



Mynd 6. Telur þú að alþjóðasamskipti séu of mikil, hæfileg eða of lítil, greint eftir háskóladeildum.

Hvað varðar starfsreynslu má sjá að lægri starfsaldur þýðir herra hlutfall sem hefur ekki skoðun á því hvort alþjóðasamskipti séu of mikil, hæfileg eða of lítil eða svarar því til að það viti það ekki. Jafnframt má sjá að mun fleiri sem hafa lengstan starfsaldur telja að þau séu of lítil á meðan flestir þeirra sem hafa 6-10 ára starfsaldur telja þau vera hæfileg.




Mynd 7. Telur þú að alþjóðasamskipti séu of mikil, hæfileg eða of lítil, greint eftir starfsaldri.

3.2 Ákjósanlegur kostur til samstarfs

Spurt var við hvaða heimshluta viðkomandi myndi helst kjósa að efla samstarf HA. Nefndir voru níu heimshlutar; (1) Afríka, (2) Asía, (3) Ástralía, (4) Austur Evrópa, (5) Norðurlönd, (6) Norðurheimsskautssvæðið, (7) Norður Ameríka, (8) Suður Ameríka og (9) Vestur Evrópa. Viðkomandi átti að forgangsraða heimshlutunum með því að merkja við fyrsta sæti hjá þeim heimshluta sem viðkomandi vildi helst kjósa að efla samstarf við og svo koll af kolli. Reiknað var út meðaltal fyrir hvern heimshluta en hærra meðaltal þýðir vinsælli kostur til samstarfs. Meðaltalið er frá 2,7 og upp í 7,7 af 9,0 mögulegum. Tveir heimshlutar skáru sig nokkuð úr hvað varðar áhuga svarenda til að efla samstarf við en það eru Vestur Evrópa, Norðurlöndin og reyndar fylgir Norður Ameríka þar fast á eftir. Síst telja svarendur að áhugavert sé að efla samstarf HA við Afríku eða Suður Ameríku.

Flestir setja Norðurlöndin í fyrsta sætið eða 21 og 20 settu Vestur Evrópu í fyrsta sæti. Algengast var að setja Norður Ameríku í þriðja sætið.



Mynd 8. Við hvaða heimshluta myndir þú helst kjósa að efla samstarf HA?

Karlar og konur eru ekki alveg sammála um hvaða heimshluta eigi að efla samstarf við en karlar kjósa helst Vestur Evrópu á meðan konur kjósa helst Norðurlöndin. Tengsl má finna milli kynferðis og samstarfs við Asíu og Ástralíu þannig að karlar¹ setja Asíu mun ofar en konur en konur² kjósa Ástralíu í meira mæli en karlar.

Hvað háskóladeildir varðar þá setja kennarar úr auðlindadeild og kennaradeild V-Evrópu í fyrsta sæti og Norðurlöndin í annað sæti en kennarar úr félagsvísinda- og lagadeild og viðskiptadeild snúa þessu við og setja norðurlöndin í fyrsta sæti og V-Evrópu í annað sæti.

Tengsl má finna milli háskóladeildar og samstarfs við Norður Ameríku³ og Ástralíu⁴. Kennarar úr öllum háskóladeildum nema upplýsingatæknideildin setja N-Ameríku í þriðja sætið en kennarar þar setja N-Ameríku í fjórða sæti. Hvað Ástralíu varðar þá skera kennarar úr kennaradeild sig verulega úr og setja hana í fjórða sætið á meðan algengast er að kennarar úr öðrum deildum setji hana í 7 sæti.

¹ (Tau-c=,41;α=,007)

² (Tau-c=,32;α=,041)

³ (Tau-c=,19;α=,035)

⁴ (Tau-c=,26;α=,036)

Tafla 2. Við hvaða heimshluta myndir þú helst kjósa að efla samstarf HA, greint eftir háskóladeildum.

Deildir:	V-Evrópa	Norður- lönd	N-Ameríka	A-Evrópa	Asía	N-heims- skauts- svæðið	Ástralía	S-Ameríka	Afríka
Auðlindadeild	1	2	3	6	4	5	7	8	9
Félagsvísinda- og lagadeild	2	1	3	4	5	6	8	7	9
Heilbrigðisdeild	2	1	3	5	8	4	7	6	9
Kennaradeild	1	2	3	6	7	5	4	9	8
Viðskiptadeild	2	1	3	4	5	8	6	7	9
Upplýsingatæknideild	2	3	4	6	1	5	7	9	8


Einnig var spurt hvaða einstök lönd viðkomandi vildi helst auka samskipti við. Nefna mátti að hámarki þrjú lönd. Skemmst er frá því að segja að langflestir nefndu Bretland eða 17 kennarar og níu kennarar nefndu Bandaríkin, Danmörku og Kanada. Sjá nánar næstu töflu.

Tafla 3. Áhugi á auknum samskiptum við einstök lönd.

Lönd sem nefnd voru:	Fjöldi sem svarar	Lönd sem nefnd voru:	Fjöldi sem svarar
Bretland	17	Grænland	1
Bandaríkin	9	Holland	1
Danmörk	9	Írland	1
Kanada	9	Kenýa	1
Kína	8	Lönd fyrrum Júgóslavíu	1
Noregur	6	Malaví	1
Svíþjóð	6	Malta	1
Færeyjar	4	Nýja Sjáland	1
Ítalía	4	Pólinesískar eyjar	1
England	3	Pólland	1
Skotland	3	Singapore	1
Finnland	2	Smáríki og eylönd	1
Frakkland	2	Taívan	1
Indía	2	Tonga	1
Ástralía	1	Tuvalu	1
Búlgaríá	1	Þýskaland	1
Eþíópía	1		

3.3 Tími í alþjóðleg samskipti


Spurt var hversu mikið af vikulegum starfstíma fari að meðaltali í alþjóðleg samskipti. Algengast er að kennarar eyði 1-2 tímum að meðaltali á viku í alþjóðleg samskipti eða 62,7% svarenda. Um 12% eyðir 2-4 tímum í þau og önnur 12% 4-6 tímum. Rétt 6% eyða 6 tímum eða fleiri að meðaltali í alþjóðasamskipti á viku. Um 8% svarenda eyða engum tíma i þau.



Mynd 9. Hversu mikið af vikulegum starfstíma þínum fer að meðaltali í alþjóðleg samskipti?


Tengsl eru milli kynferðis⁵ og svara við þessari spurningu. Þannig að almennt eyða konur mun færri stundum að meðaltali á viku í alþjóðasamskipti en karlar. Engin kona svarar því til að fleiri en fjórar klukkustundir fari í alþjóðasamskipti að meðaltali á viku en 27% karla gera það.

⁵ (Tau-c=,27;α=,035)



Mynd 10. Hversu mikið af vikulegum starfstíma þínum fer að meðaltali í alþjóðleg samskipti, greint eftir kyni.

Hvað háskóladeildir varðar þá eru of fá svör sem liggja á bak við hvern valkost til þess að álykta eitthvað úr frá þeim. Enginn munur er á umfangi alþjóðlegs starfs kennara eftir starfsaldri.




Mynd 11. Hversu mikið af vikulegum starfstíma þínum fer að meðaltali í alþjóðleg samskipti, greint eftir háskóladeildum.

3.4 Vilji til að auka erlend samskipti


Spurt var hvort viðkomandi vilji auka erlend samskipti í starfi sínu. Skemmst er frá því að segja að almennt er mikill vilji hjá

kennurum að auka erlend samskipti í starfi sínu því 92% svarenda svara þessari spurningu játandi.




Mynd 12. Viltu auka erlend samskipti í starfi þínu?

Tengsl eru milli kynferðis⁶ og svara við þessari spurningu þannig að konur svara henni allar játandi og langflestir karlar eða rúm 86%. Allir svarendur úr auðlindadeild, heilbrigðisdeild og upplýsingatæknideild svara þessari spurningu játandi.



Mynd 13. Viltu auka erlend samskipti í starfi þínu, greint eftir kyni.


⁶ (Tau-c=,13;α=,032)



Mynd 14. Viltu auka erlend samskipti í starfi þínu, greint eftir háskóladeildum

3.5 Þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum

Spurt var hvort viðkomandi hafi tekið þátt í samstarfsverkefnum síðastliðin þrjú ár með fræðimönnum við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir eða fyrirtæki. Það eru 76% svarenda sem hafa tekið þátt í svona samstarfsverkefnum en tæplega fjórðungur svarenda hefur ekki gert það.




Mynd 15. Hefur þú tekið þátt í samstarfsverkefnum sl. 3 ár með fræðimönnum við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir eða fyrirtæki?


Nokkuð fleiri karlar en konur hafa tekið þátt í slíkum verkefnum þó munurinn sé í raun ekki marktækur eða um 77% karla og 70% kvenna. Einnig má sjá að rétt um helmingur kennara úr heilbrigðisdeild hafa tekið þátt í slíkum verkefnum á meðan um og yfir 70% kennara úr öðrum deildum hefur gert slíkt hið sama.

Athygli vekur að þeir einstaklingar sem hafa lengstan starfsaldur svara í hlutfallslega minna mæli en aðrir að þeir hafi tekið þátt í


samstarfsverkefnum sl. 3 ár með fræðimönnum við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir eða fyrirtæki. Tæp 62% kennara sem hafa starfað í 11 ár eða lengur á móti 72-83% þeirra sem hafa starfað styttra en það.



Mynd 16. Hefur þú tekið þátt í samstarfsverkefnum sl. 3 ár með fræðimönnum við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir eða fyrirtæki, greint eftir kyni.



Mynd 17. Hefur þú tekið þátt í samstarfsverkefnum sl. 3 ár með fræðimönnum við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir eða fyrirtæki, greint eftir háskóladeildum.




Mynd 18. Hefur þú tekið þátt í samstarfsverkefnum sl. 3 ár með fræðimönnum við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir eða fyrirtæki, greint eftir starfsaldri.


Þeir sem hafa tekið þátt í erlendum samstarfsverkefnum síðastliðin þrjú ár með fræðimönnum við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir eða fyrirtæki voru beðnir um að segja til um hvaða verkefni, fræðimenn eða stofnanir væri að ræða. Í mörgum tilfellum nefndu einstaklingarnir ákveðin lönd eða borgir en einnig ákveðna skóla. Úr svörum mátti lesa að megin þorri samstarfsverkefnanna og aðilanna eru staðsettir á Norður-löndunum eða Vestur Evrópu. Svörin eins og þau komu fyrir er að finna í viðauka.

3.6 Tengsl við erlenda aðila

Spurt var hvort viðkomandi hefði tengsl við erlenda aðila sem gætu nýst öðrum samstarfsmönnum eða nemendum HA. Skemmt er frá því að segja að nær allir svarendur telja sig hafa tengsl við erlenda aðila sem gætu nýst öðrum samstarfsmönnum eða nemendum HA eða 94% svarenda. Þeir einstaklingar sem svöruðu þessari spurningu neitandi eru einungis konur, úr þremur háskóladeildum og hafa starfað í 5 ár eða styttra.




Mynd 19. Hefur þú tengsl við erlenda aðila sem gætu nýst öðrum starfsmönnum eða nemendum HA?



Mynd 20. Hefur þú tengsl við erlenda aðila sem gætu nýst öðrum starfsmönnum eða nemendum HA, greint eftir kyni.


3.7 Áhugi á að nýta rannsóknahlutann í erlend verkefni

Spurt var hvort viðkomandi hefði mikinn eða lítinn áhuga á að nýta rannsóknahluta starfs síns í alþjóðleg rannsóknaverkefni. Segja má að áhugi á að nýta rannsóknahluta starfsins í erlend verkefni sé mjög mikill því 96,2% svara því til að þau hafi mjög eða frekar mikinn áhuga á slíku.




Mynd 21. Hefur þú mikinn eða lítinn áhuga á að nýta rannsóknahluta starfs þíns í alþjóðleg rannsóknaverkefni?

Einungis tveir kennarar svara því til að þeir hafi frekar lítinn áhuga á slíku og í báðum tilvikum er um karla að ræða úr sitt hvorri háskóladeildinni.



Mynd 22. Hefur þú mikinn eða lítinn áhuga á að nýta rannsóknahluta starfs þíns í alþjóðleg rannsóknaverkefni, greint eftir kyni.




Mynd 23. Hefur þú mikinn eða lítinn áhuga á að nýta rannsóknahluta starfs þíns í alþjóðleg rannsóknaverkefni, greint eftir háskóladeildum.

Tengsl eru milli starfsaldurs⁷ og þess hversu mikill áhugi er á að nýta rannsóknahluta starfsins í alþjóðleg rannsóknarverkefni þannig að lægri starfsaldur þýðir mun meiri áhugi á slíku. Einnig hefur aldur⁸ kennara áhrif á þessa spurningu þannig að lægri aldur þýðir mun meiri áhugi á því að nýta rannsóknahluta starfsins í alþjóðleg rannsóknaverkefni.

⁷ (Tau-c=,32;α=,005)

⁸ (Tau-c=,26;α=,014)




Mynd 24. Hefur þú mikinn eða lítinn áhuga á að nýta rannsóknahluta starfs þíns í alþjóðleg rannsóknaverkefni, greint eftir starfsaldri.

3.8 Stefnumótun í alþjóðasamskiptum


Spurt var í höndum hverra viðkomandi telji að stefnumótun í alþjóðasamskiptum eigi að vera. Gefnir voru sex valkostir; (1) háskólaráð, (2) framkvæmdastjórn, (3) rektor, (4) deildarfundir, (5) deildarforsetar og (6) alþjóðasvið. Viðkomandi átti að forgangsraða valkostum með því að merkja við fyrsta sæti hjá þeim valkosti sem viðkomandi teldi að ætti að sjá um stefnumótun í alþjóðasamskiptum. Reiknað var út meðaltal fyrir hvern valkost en hærra meðaltal þýðir fleiri sem hafa sett valkostinn í fremstu sætin. Meðaltalið er frá 1,7 og upp í 4,6 af 6,0 mögulegum.

Langflestir telja að stefnumótun í alþjóðasamskiptum eigi að vera í höndum alþjóðasviðs því 22 einstaklingar af 51, sem svöruðu þessari spurningu settu alþjóðasvið í fyrsta sæti og þrettán settu deildafundi í fyrsta sæti. Mjög litill áhugi er á því að framkvæmdastjórn sjái um stefnumótun í alþjóðasamskiptum.



Mynd 25. Í höndum hverra telur þú að stefnumótun í alþjóðasamskiptum eigi að vera?

Nokkuð sterk tengsl komu fram í svörum við þessari spurningu milli kynferðis⁹ og alþjóðasviðs þannig að konur setja alþjóðasvið í munmeira mæli í fyrsta sætið en karlar. Eins og næsta mynd sýnir má greina þó nokkurn mun á svörum karla og kvenna við þessari spurningu þegar meðaltöl eru skoðuð. Þannig telja hlutfallslega flestar konur að stefnumótun í alþjóðasamskiptum eigi að vera í höndum alþjóðasviðs á meðan karlar eru ekki alveg sammála og nær jafnmargir þeirra telja að slíkt eigi heima í höndum deildarfunda og alþjóðasviðs. Jafnframt kemur háskólaráð mun frekar til greina hjá körlum en konum.



Mynd 26. Í höndum hverra telur þú að stefnumótun í alþjóðasamskiptum eigi að vera, greint eftir kyni.

⁹ (Tau-c=,41;α=,002)

Helst má sjá að kennarar úr auðlindadeild, félagsvísinda- og lagadeild og kennaradeild svari eins, þ.e. setja alþjóðasvið í fyrsta sæti, deildarfundir í annað sæti og deildarforseta í þriðja sæti. Kennarar úr viðskiptadeild eru þessu ekki sammála og telja helst að það sé háskólaráð sem eigi að leiða stefnumótun í alþjóðasamskiptum og kennarar úr upplýsingatæknideild telja því best borgið í höndum rektors.

Tafla 4. Í höndum hverra telur þú að stefnumótun í alþjóðasamskiptum eigi að vera, greint eftir háskóladeildum.

Deildir:	Alþjóðasvið	Deildarfundir	Deildarforsetar	Háskólaráð	Rektor	Framkvæmdastjórnar
Auðlindadeild	1	2	3	4	5	6
Félagsvísinda- og lagadeild	1	2	3	4	5	6
Heilbrigðisdeild	1	5	3	2	4	6
Kennaradeild	1	2	3	4	5	6
Viðskiptadeild	4	2	3	1	5	6
Upplýsingatæknideild	3	2	4	5	1	6

Tengsl eru milli starfsaldurs¹⁰ og þess hvort háskólaráð eigi að koma að stefnumótun í alþjóðasamskiptum þannig að hærri starfsaldur þýðir hærra hlutfall sem setur háskólaráð í fyrsta eða annað sæti.


Tafla 5. Í höndum hverra telur þú að stefnumótun í alþjóðasamskiptum eigi að vera, greint eftir starfsaldri.

Deildir:	Alþjóðasvið	Deildarfundir	Deildarforsetar	Háskólaráð	Rektor	Framkvæmdastjórnar
3 ár eða styttra	1	3	2	5	4	6
4-5 ár	2	1	3	4	5	6
6-10 ár	1	2	4	3	5	6
11 ár eða lengur	1	3	4	2	5	6

¹⁰ (Tau-c=,24;α=,043)

3.9 Nemenda- og kennaraskipti

Spurt var fjögurra spurninga varðandi nemenda- og kennaraskipti. Í fyrsta lagi var spurt hvort viðkomandi telji að nemenda- og kennaraskiptum sé betur borgið með því að skipa sérstakan tengilið við alþjóðasvið innan hversrar deildar. Líðlega 70% svarenda telur að nemenda- og kennaraskiptum sé betur borgið með því að skipa sérstakan tengilið við alþjóðasvið innan hversrar deildar.




Mynd 27. Telur þú að nemenda- og kennaraskiptum sé betur borgið með því að skipa sérstakan tengilið við alþjóðasvið innan hversrar deildar?


Svo til enginn munur er á svörum fólks við þessari spurningu eftir kyni en skiptar skoðanir eru milli kennara eftir háskóladeildum. Aðeins helmingur svarenda úr auðlindadeild og viðskiptadeild telur að betra sé að skipa sérstakan tengilið innan hversrar deildar við alþjóðasvið vegna nemenda- og kennaraskipti en 75% eða allir úr hinum háskóladeildunum.

Lítill munur er á svörum eftir starfsaldri en hins vegar má finna tengsl milli aldurs¹¹ og svara við þessari spurningu þannig að kennarar á aldrinum 36-45 telja það síður betra að skipa sérstakan tengilið við alþjóðasvið innan hversrar deildar vegna nemenda- og kennaraskipta en kennarar á öðrum aldri.


¹¹ (Tau-c=,26;α=,025)



Mynd 28. Telur þú að nemenda- og kennaraskiptum sé betur borgið með því að skipa sérstakan tengilið við alþjóðasvið innan hversrar deildar, greint eftir kyni.




Mynd 29. Telur þú að nemenda- og kennaraskiptum sé betur borgið með því að skipa sérstakan tengilið við alþjóðasvið innan hversrar deildar, greint eftir háskóladeildum.




Mynd 30. Telur þú að nemenda- og kennaraskiptum sé betur borgið með því að skipa sérstakan tengilið við alþjóðasvið innan hversrar deildar, greint eftir starfsaldri.

Síðan var spurt hvort viðkomandi telji að skiptinám nemenda HA við erlenda háskóla auki gæði náms þeirra. Skemmst er frá því að segja að rúm 92% svarenda telur að skiptinám nemenda HA við erlenda háskóla auki gæði náms þeirra mjög eða frekar mikið.



Mynd 31. Telur þú að skiptinám nemenda HA við erlenda háskóla auki gæði náms þeirra?




Mynd 32. Telur þú að skiptinám nemenda HA við erlenda háskóla auki gæði náms þeirra, greint eftir kyni.


Sjá má að konur telja í aðeins meira mæli en karlar að það auki gæði náms þeirra mjög mikið en munurinn er þó ekki marktækur.

Jafnframt má sjá að kennarar úr félagsvísinda- og lagadeild telja í meira mæli að þetta auki gæði náms þeirra mjög mikið. Einstaka kennarar úr viðskiptadeild, heilbrigðisdeild og kennaradeild svara að skiptinám nemenda HA við erlenda háskóla auki gæði náms þeirra frekar lítið.

Kennarar með hærri starfsaldur eru skeptískari á það hvort að skiptinám nemenda HA við erlenda háskóla auki gæði náms þeirra.




Mynd 33. Telur þú að skiptinám nemenda HA við erlenda háskóla auki gæði náms þeirra, greint eftir háskóladeildum.



Mynd 34. Telur þú að skiptinám nemenda HA við erlenda háskóla auki gæði náms þeirra, greint eftir starfsaldri.


Jafnframt var spurt hvort viðkomandi telji að það skili miklu eða litlu fyrir HA að taka á móti erlendum skiptinimum. Rúm 90% svarenda telja að það skipti mjög eða frekar miklu fyrir HA. Aðeins einn svarar því til að það skipti engu fyrir HA að taka á móti erlendum skiptinimum.




Mynd 35. Telur þú að það skipti miklu eða litlu fyrir HA að taka á móti erlendum skiptinimum?

Konur telja í meira mæli en karlar að það skipti miklu fyrir HA að taka á móti erlendum skiptinimum. Jafnframt má sjá að einstaka kennarar úr heilbrigðisdeild, kennaradeild og viðskiptadeild svara að það skipti mjög litlu eða engu fyrir HA að taka á móti erlendum skiptinimum.


Hærri starfsaldur þýðir í raun að hlutfallslega fleiri svara því til að það skipti minna máli fyrir HA að taka á móti erlendum skiptinimum.



Mynd 36. Telur þú að það skipti miklu eða litlu fyrir HA að taka á móti erlendum skiptinimum, greint eftir kyni.




Mynd 37. Telur þú að það skipti miklu eða litlu fyrir HA að taka á móti erlendum skiptinimum, greint eftir háskóladeildum.




Mynd 38. Telur þú að það skipti miklu eða litlu fyrir HA að taka á móti erlendum skiptinimum, greint eftir starfsaldri.

Að lokum var spurt hvort viðkomandi telji að hann gæti bætt námskeið sitt með því að bjóða erlendum skiptikennurum að kenna hjá sér. Rúmlega 84% telja að þau geti bætt námskeið sitt mjög eða frekar mikið með því að bjóða erlendum skiptikennurum að kenna hjá sér. Karlar telja í meira mæli en konur að þeir geti bætt námskeið sín mjög mikið með þessu.



Mynd 39. Telur þú að þú getir bætt námskeið þitt með því að bjóða erlendum skiptikennurum að kenna hjá þér?




Mynd 40. Telur þú að þú getir bætt námskeið þitt með því að bjóða erlendum skiptikennurum að kenna hjá þér, greint eftir kyni.


Helst má sjá að einstaka kennarar úr auðlindadeild, heilbrigðisdeild, kennaradeild og viðskiptadeild telja að það bæti frekar lítið eða ekkert námskeið þeirra með því að bjóða erlendum skiptikennurum að kenna hjá sér.

Finna má tengsl milli starfsaldurs¹² og svara við þessari spurningu þannig að þeir kennarar sem hafa starfað í 5 ár eða styttra telja í meira mæli en þeir sem hafa starfað lengur að það geti bætt námskeið þeirra að bjóða erlendum skiptikennurum að kenna hjá sér.

¹² (Tau-c=,21;α=,008)



Mynd 41. Telur þú að þú getir bætt námskeið þitt með því að bjóða erlendum skiptikennurum að kenna hjá þér, greint eftir háskóladeildum.



Mynd 42. Telur þú að þú getir bætt námskeið þitt með því að bjóða erlendum skiptikennurum að kenna hjá þér, greint eftir starfsaldri.

3.10 Athugasemdir

Að endingu var svarendum gefinn kostur á því að koma athugasemdum á framfæri. Alls nýttu 18 þátttakendur í könnuninni tækifærið til þess að koma athugasemdum á framfæri. Nokkrum var umhugað um kostnað við alþjóðasamskipti, styrkveitingar og hvernig ætti að bera straum af fjárútlátum vegna þessa. Enn aðrir nýttu þetta svæði til þess að setja út á spurningalistann sjálfan og framkvæmdina. Sjá nánar svör eins og þau komu fyrir í viðauka.

4. Lokaorð

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum úr viðhorfskönnun sem gerð var í októbermánuði 2005 meðal fastráðinna kennara við Háskólann á Akureyri. Henni er ætlað að varpa ljósi á viðhorf kennara HA til alþjóðasamskipta, alþjóðleg tengsl þeirra og viðhorf kennara til nemenda- og kennaraskipta.

Um helmingur svarenda telur að alþjóðasamskipti séu of lítil eða alltof lítil en athygli vekur þó hversu margir svara því að þeir hafi ekki skoðun á alþjóðasamskiptum eða fimmtungur svarenda. Vestur Evrópa og Norðurlöndin eru þeir heimshlutar sem svarendur kjósa helst að efla samstarf við. Séu einstaka lönd dregin út þá eru Bretland, Bandaríkin, Danmörk og Kanada oftast nefnd sem áhugaverð lönd til samstarfs. Í langflestum tilvikum eru kennarar að eyða um 1-2 klst. á viku í alþjóðleg samskipti en verulegur áhugi er á því að auka erlend samskipti og nýta rannsóknahluta starfsins í alþjóðleg rannsóknaverkefni. Nú þegar er nokkuð stór hluti kennara í samstarfsverkefnum með fræðimönnum við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir eða fyrirtæki. Jafnframt telja nær allir svarendur að þeir hafi tengsl við erlenda aðila sem gætu nýst öðrum starfsmönnum eða nemendum HA.

Hlutfallslega flestir telja að stefnumótun í alþjóðasamskiptum eigi að vera í höndum alþjóðasviðs en einnig eru margir sem vilja að deildarfundir sjái um hana.

Hvað varðar nemenda- og kennaraskipti þá eru þó nokkuð margir á þeirri skoðun að þeim sé betur borgið með því að skipa sérstakan tengilið við alþjóðasvið innan hversrar deildar. Allflestir eru sammála um það að skiptinám nemenda HA við erlenda háskóla auki gæði náms þeirra og að það skipti töluverðu fyrir HA að taka á móti erlendum skiptinemum. Sjá má þó að eldri kennarar og kennarar með hærri starfsaldur telja þetta ekki skipta eins miklu máli. Sama gildir um kennslu erlendra skiptikennara í námskeiðum hjá HA því almennt telja kennarar að það geti bætt gæði námskeiðanna en þeir sem eldri eru og með meiri starfsreynslu eru ekki eins sammála því.

5. Viðauki

Svör við spurningu 10.

- I am currently collaborating with Leeds Metropolitan University, UK
- Amsterdam (Grid project and computational science), N-America (Tissue growth simulations).
- Bretland, Kanada, Noreg
- CERE, Chalmers o.fl.
- Er í talsverðum samskiptum við erlenda aðila en ekki í formlegum rannsóknaverkefnum.
- European Organisation for Treatment for Cancer
- European School Survey Project on Alcohol and other Drugs Health Behavior in School-Aged Children United Nations Toolbox for Drug Research in Developing Countries
- Evrópuverkefnið MOEN Háskólann í Bergen Háskólann í Kaupmannahöfn Fiskirannsóknastovan í Færeyjum Marine Laboratory í Aberdeen Háskólann í Stokkhólmi Evrópuverkefnið ASOF-W Háskólinn í Hamborg CEFAS í Lowestoft Hafrannsóknastofnunina í Helsinki Háskólinn í Kiel Norrænt verkefni: Háskólann í Bergen Nansen Center í Bergen Fiskirannsóknastovan í Færeyjum
- Gautaborgarháskóli, Háskólinn í Tromsø
- Háskóli í Gena (skiptikennsla) og Catania (til að undirbúa European Thematic Network in Roman Law), Italia; háskóli í Guelph (til að undirbúa Guelph-Iceland Cooperation Agreement), Kanada; Laga- og stjórnmálsháskóli af Kína (til að undirbúa tengsl)
- Háskóla í norður Svíþjóð, Háskóla í suður Svíþjóð, Háskólann í Oslo, Einn Háskóla í Bretlandi.
- Háskólann í Jyväskylä
- Háskólann í Lund; Háskóla og stofnanir í Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu, Spáni og Skotlandi.
- Háskólinn í Stavanger, Helsingjarháskóli, rannsóknastofnanir í Danmörku.
- Hvaða hvað? Viljið þið nöfnin á fræðimönnunum? Norrænt samstarf.
- Já ... en ekkert við HA
- já hef tekið þátt
- Já, við kollega sem starfa við háskóla og aðrar háskólastofnanir á hinum Norðurlöndunum.
- Karolinska Institutet í Stokkhólmi Boston University
- Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn, Strathclyde University
- Leonardo verkefni í samstarfi við Noreg, Svíþjóð, Bretland, Pólland, Portúgal. Námskeið á vegum Nordplus í Danmörku. Séð um erlenda nemendur í skiptinámi.
- LífVetni (BioHydrogen) - samstarfsverkefni á Norðurlöndunum og Baltnesku löndunum. DairyNet - samstarfsverkefni á

Norðurlöndunum

- Norðurlöndin öll, Shetland, Skotland, Kanada
- Norræna Asíustofnunin í Kaupmannahöfn, Alþjóðasamskiptastofnun Háskólans í St. Gallen, Sviss og Heimspekiskor Towson-háskóla í Bandaríkjunum.
- Norrænum rannsóknarverkefnum
- Of margir að nefna hér.
- Sameiginleg erindi á vísindaráðstefnum, samstarf um skipulag og innihald náms, samstarf vegna nemendaverkefna
- Samskipti við PEDAK í Vín. Comenius II verkefni er í undirbúningi
- Samstarf innan EKOTEK
- Samstarf við Department of Food Science, University of Massachussts, USA
- Samstarfsverkefni um gerð samnorræns námskeiðs fyrir nema. Högskolan i Skövde (SE), Åbo Akademi/Vaasa (FI), Háskólinn á Akureyri (IS), Kolding Pædagogseminarium (DK), CVU-Jelling (DK), Umeå University (SE), Oslo University (NO)
- Skipulagning evr. menntarannsóknaradstefnunnar, ECER
- TALE - Teaching the writing of English (Samstarfsverkefni 12 skandinavískra háskóla CERE S Intercultural communication in foreign trade (4 evrópskir háskólar og fyrirtæki í Bretlandi)
- University of Illinois at Chicago, Linköbing háskóla, rannsóknarstofnun í Skotlandi og kennara við háskóla í London
- University of New England, Ástralía
- Útgáfustarfsemi (ritstjórn tímarits)
- Við háskóla, einstaklinga og stofnanir í ýmsum löndum, einkum V-Evrópu og N-Ameríku
- Þverfaglegt rannsóknarverkefni í samstarfi fræðimanna frá Íslandi, Bretlandi, Svíþjóð, Finnlandi og Eistlandi.

Svör við spurningu 18.

- "Þegar spurningalistanum hefur verið svarað er ekki hægt að rekja hvaðan upplýsingarnar koma." Mér sýnist að það sé frekar auðvelt að rekja það.
- Aðstoð um styrkveitingar og umsóknargerð vegna erlendra samstarfsverkefna mætti gera kennurum auðveldari með skipulegri aðstoð frá alþjóðasviði.
- Alþjóðleg samskipti eru nauðsynleg í veröld þar sem landamæri eru á undanhaldi
- As well as international collaboration, I feel national level collaboration may be more handy, economic and interesting as well.
- Datt i hug um eina spurninguna að kannski ættu erlend samskipti að vera á konnu serstaks framkvaemdstjora akademiskra rannsokna - en svorin vid teirri spurningu lentu reyndar frekar tilviljunarkennt
- Er bara nokkuð ánægð með gang mála
- Gott að menn spyrji áður en skotið er.
- In computational science, unless our equipment infrastructure is at minimum adequate, it is very hard to convince international researchers to participate on projects with us at HA.

- Kostnaður við að efla alþjóðtengsl?
- Lönd þar sem vísindi á mínu fræðasviði eru öflug og ég hef eða hyggst ná tengslum við einstaklinga, háskóla og stofnanir sem skara fram úr í mínu fagi. Spurning 6 er út í hött hvað vísindasamvinu varðar.
- Maður græðir mikið á erlendum samskiptum. Mér finnst tími og kostnaður varðandi erlend samskipti ekki njóta nógu mikils skilnings innan stofnunarinnar. Það dregur úr manni áhugann að taka þátt.
- Sá böggull fylgir skammrifi að aukinni þátttöku í alþjóðastarfsemi fylgja aukin útgjöld; ferðakostnaður að sjálfsögðu, svo og mikil vinna þeirra starfsmanna sem sinna slíkum verkefnum. Hugsast getur að huga þurfi betur að þessum þáttum, ekki síst því að hvetja starfsmenn til þátttöku í slíkum verkefnum, tengja vinnu þeirra í auknum mæli mati á rannsóknastarfsemi og sjá til þess að þeir hafi tíma til að sinna slíkum verkefnum af alúð, t.d. með kennsluafslætti og/eða sérstökum greiðslum fyrir störf af þessu tagi að svo miklu leyti sem þau falla utan almennrar vinnuskyldu. Ég hef á tilfinningunni að betur megi huga að því að vekja áhuga starfsmanna á þátttöku í alþjóðaverkefnum, hvetja þá til slíkra starfa og auðvelda þeim að fella þau að kennslu og öðrum starfsskyldum. ATH: Svar við spurningu 13 virðist hafa spillst vegna klaufaskapar svaranda!
- spurning 8 er óraunhæf, menn geta staðið í erlendum samskiptum sem er minna en þetta, t.d. 4 tíma í mánuði
- Spurningum 1.2. og 3 er sleppt: spurningarnar eru aðeins til að brjóta nafnleynd. 5: Skipuleg samskipti stjórnsýslu eru of mikil, samskipti vísindamanna of lítil. Spurningar 6. og 13 eru út í hött og halda mætti að höfundur þessarar könnunar hafi aldrei rannsakað eða kennt við háskóla. Það er ekki stjórnsýslan sem á að móta stefnu háskóla heldur starfsmennirnir sem kenna og rannsaka, þeir einir hafa nauðsynlega reynslu og þekkingu til að móta skynsamlega stefnu. Til þeirra ætti að verja því fé sem fer í Alþjóðasvið, norðurhjarasamstarf o.fl.
- Tel að sumar spurningarnar hefðu mátt gefa kost á viðbótarsvari, t.d. er spurt um erlent samstarf og fólk beðið um að ákveða vikulegt meðaltal - hér hefði verið betra að áætla klukkustundir á ári - erlent samskipti fara oft fram í á ákvænum tíma og svo er jafnvel minni samskipti þess á milli. En tel almennt að samstarf eigi að vera mikið - opna glugga til framtíðar
- Tel mikilvægt að fara erlendis í rannsóknarleyfum
- Þarf að huga betur að kostnaði varðandi alþjóðleg samskipti og kynna (finna) leiðir til að kennarar geti í raun nýtt sér þessa möguleika. Samskipti virðast oft stranda á fjármagni!
- Æskilegt að auka samskipti deildarinnar - ekki síst framhaldsnámsins - við erlenda fræðimenn og háskóla bæði við undibúning námsbrauta og kennslu, rannsóknir og nemendaskipti.